



# Ársskýrsla



2017





# 1 EFNISYFIRLIT

---

2	Talnafræði skólans .....	5
3	Markmið og staða mála .....	7
4	Meginsóknarfæri skv. sjálfsmatsskýrslu.....	8
5	Afkoma – rekstrarstaða – vinna með það.....	10
6	Brotthvarf og námsárangur.....	10
7	Stjórnun - teymi .....	11
8	ýmis mál .....	12
9	Samvinna við aðrar stofnanir .....	12
10	Sérstakar áherslur og markmið skólans .....	13
11	Lokaorð .....	13
12	Viðaukar .....	15
12.1	Rekstrarreikningar liggja ekki fyrir endurskoðaðir.....	15
12.2	Skólaslitaræður ársins með yfirliti um starfið.....	15
12.2.1	Skólaslitaræða vor 2017 – stytt .....	15
12.2.2	Skólaslitaræða haustönn 2017 – stytt.....	19
12.3	Þriggja ára stefna. ....	23
12.4	Umbótaáætlun.....	34



## 2 TALNAFRÆÐI SKÓLANS

Flensborgarskólinn býður aðallega nám til stúdentsprófs en að auki er starfandi starfsbraut, úrræði fyrir nemendur sem illa standa við lok grunnskóla, nám fyrir duglega grunnskólanemendur og margháttuð þjónusta við nemendur sem koma með greiningar um námserfiðleika til skólans. Skólinn er enn leiðandi skóli í verkefninu Heilsueflandi framhaldsskóli.

Húsnæði skólans er óbreytt frá síðasta ári, fyrir utan viðhald, aðallega málningarvinnu. Þá var merki skólans sett á austurhlíð skólans. Heildar flatarmál húsnæðis skólans á Hamrinum eru 7.116 m<sup>2</sup> en að auki kaupir skólinn aðgang að íþróttahúsum bæjarins. Nú eru tólf ár frá því allt húsnæðið var tekið í gegn og því er ýmislegt að komast á viðhald, þörf fyrir kaup á stofnbúnaði o.fl.

Á árinu 2017 störfuðu 97 starfsmenn við skólann. Tveir starfsmenn létu af störfum sakir aldurs. Meðalaldur starfsmanna á þessu ári var 47,6, sem er lækkun frá árinu 2016 (sjá Ársskýrslu 2015 og 2016).

Aldursdreifing er þessi (fæðingarár dregið frá ártalinu 2017).

Aldursbil	Vorönn 2017		Haustönn 2017		
	Kk	kvk	kk	Kvk	
20-29		3	1	4	1
30-39		5	9	4	9
40-49		4	21	4	21
50-59		5	18	4	21
60-69		7	16	6	18
70-79			1		

Aldursbil milli yngsta og elsta starfsmanns var um 43 ár.

Karlar eru um 24% starfsmanna skólans.

### Kynjaskipting

Svið	Vorönn 2017		Haustönn 2017	
	kk	kvk	Kk	kvk
Kennslusvið	18	38	14	39
Nemendaþjónusta	1	4	0	5
Starfsbraut	2	9	2	9
Yfirstjórn	2	3	2	3
Þjónustusvið	1	12	1	14
Alls	24	66	19	70

Mikið kapp er lagt á að jafnréttissjónarmið liggi til grundvallar í öllu starfi skólans og hefur verið lögð vinna í að yfirfara launaröðun í þessu skyni. Mikið hefur áunnist og verður unnið að því að ljúka stofnanasamningum á árinu 2018.

Nemendur skiptast milli kynja sem hér segir:

	V16	H17
KK	52,8%	53,0%
KVK	47,2%	47,0%

KK	383	401
KVK	342	355

Ólíkt því sem er með kennara þá eru karlar fleiri en konur í hópi nemenda.

Aldursdreifing nemenda er þannig að meirihluti nemenda er 18 ára eða yngri.

Árgangur	V16	H17
1991	0,1%	0,1%
1992	0,1%	0%
1993	0,1%	0,1%
1994	1,1%	0,7%
1995	1,7%	0,9%
1996	4,7%	2,1%
1997	13,1%	5,5%
1998	20,1%	16,0%
1999	25,5%	20,9%
2000	27,7%	22,3%
2001	5,7%	24,6%
2002	0%	6,6%
2003	0%	0,1%

Nemendur skólans skiptust á námsbrautir svo:

Braut	Vor 2017	Haust 2017	Braut	Vor 2017	Haust 2017
10.bek	38	50	OPIN	42	78
AN	7	2	OPIN UBN	1	0
FÉ	101	39	OPIN-Í	13	26
FÉ_ÍA	21	11	RAUN	55	82
FÉ_ÍÞ	1	0	RAUN-Í	44	63
FÉLA	57	107	RAUN-L	2	2
FÉLA-Í	36	49	ST1	20	18
FÉLA-L	5	6	ST1 UBN	1	1
MÁLA	18	16	UBN	73	45
MÁLA-Í	3	2	UBN-Í	25	17
MÁLA-L	1	0	VH	20	8
MB	12	5	VH_ÍA	9	7
MB_ÍA	4	2	VIHA	34	54
NÁ	45	29	VIHA-Í	21	30
NÁ_ÍA	13	5	VIHA-L	1	4
			VSS	1	0

Alls eru 33 brautarafbrigði í gangi. Það eru 12 eldri gerðir og 19 nýrri. Ekki er lengur innritað á eldri brautir. Í Flensborg lítum við reyndar svo á að það séu sex brautir í nýja kerfinu (Félagsvísinda-, mála-, opin, raunvísinda-, undirbúnings- og viðskipta og hagfræði brautir). Við þær eru hengdar línur eða svið. Auk þessara koma starfsbraut og Bæjarbrúin.

Einföldun á því kerfi er hér að neðan:

Braut	Vor 2017	Hlutfall	Haust 2017	Hlutfall
10. bekkur (Bæjarbrúin)	38	5,2%	50	6,6%
Almenn námsbraut / undirbúningsnám	105	14,5%	64	8,4%
Félagsvísindabraut	221	30,5%	212	27,9%
Raunvísindabraut	160	22,1%	181	23,8%
Málabraut	38	5,2%	25	3,3%
Opin námsbraut	56	7,7%	107	14,1%
Viðskipta- og hagfræðibraut	85	11,7%	103	13,5%
Starfsbraut	21	2,9%	19	2,5%
Viðbótarnám til stúdentsprófs	1	0,1%	0	0,0%

Fyrsti og þriðji dálkur eru fjöldi en annar og fjórði dálkur eru hlutföll.

Það eru nokkur atriði sem vekja spurningar. Í fyrsta lagi er það hve illa gengur að halda út málabraut. Að vísu eru tungumál stór hluti allra námsbrauta.

Annað er að nemendum á undirbúningsbraut fjölga, sem og á opinni braut.

Til viðbótar má nefna að íþróttafrekssvið styrkist enn (152 á vorönn en 206 á haustönn) og verið er að leggja vinnu í að efla listnámssvið. Hvort tveggja er þjóðfélagslega hagkvæmt enda keppir stór hópur nemenda af íþróttafrekssviði hérlendis en jafnframt á alþjóðlegum vettvangi, staðsettur erlendis eða með íslenskum félags- og landsliðum. Afrekssviðið fór af stað sumarið 2006 og hefur staðist tímans tönn. Á hverju ári koma fjölmargir fulltrúar erlendra skóla, og/eða umboðsmenn, til að bera í víurnar við nemendur á afrekssviði. Nokkrir tugir eru við nám erlendis eða keppni á hverjum tíma, stundum á fullum námsstyrk.

Efling listnámssviðs er einnig mikilvæg, ekki eingöngu skólanum heldur samfélaginu. Listafólk hefur oft feril sinn í framhaldsskólum. Þegar er til staðar samstarf við Tónlistaskóla Hafnarfjarðar og Tónlistarskóla Garðabæjar, auk FG. Einnig er þetta unnið með kór skólans og samstarfi við Gaflaraleikhúsið.

Þá liggja fyrir drög að félagslífssviði. Það tengist leiðtogaþjálfun og félagsstarfi hér innanhúss. Þá hafa námsgögn skátanna verið rýnd nokkuð.

Vegna niðurskurðar þá unnust ýmis verkefni hægar en á var kosið.

Stofnanir skólans hafa unnið vel saman. Þar er átt við skólanefnd, skólaráð, foreldraráð, nemendafélagið auk hinna ýmsu teyma sem stuðst er við.

**Ræða þarf við ráðuneytið um spá þess um nemendafækkun og viðbrögð við henni.**

### 3 MARKMIÐ OG STAÐA MÁLA

---


















Samningur skólans og ráðherra er runnin úr gildi en var framlengdur í nóvember til að undirstrika breytingar sem framundan eru.

Sjá einnig þriggja ára áætlun. Sjá viðauka.

## 4 MEGINSÓKNARFÆRI SKV. SJÁLFSMATSSKÝRSLU








---

Sjálfsmatsskýrsan miðast við skólaárið en ekki almanaksárið. Í henni var fjölmargt tekið til kostanna sbr. efnisyfirlitið:

-  **Kennsla** og önnur starfsemi hússins
-  Áfangamat
-  Stofnun ársins
-  Skýrslur námsgreina og ráðgjafa
-  Starfsmannasamtöl
-  Endurskoðun námskrár
-  Könnun um stundatöflu og vinnutíma nemenda og kennara
-  **Gögn um nemendur**
-  Námsmat
-  Miðannarmat
-  Viðvera nemenda
-  Brottfall og skimunarpróf
-  Viðhorf nemenda.
-  Framhaldsskólapúlsinn
-  Útskriftarefni
-  Nýnemar
-  Ánægjukönnun: mötuneyti skólans











Í lokaorðum sjálfsmatsskýrslu skólans (2016-2017) segir:

Innra mat Flensborgarskólans er yfirgripsmikið og að mörgu leyti flókið. Það er í raun tvíþætt; það sem snýr að nemendum skólans og það sem snýr að starfsmannahópi skólans. Margir þættir skólastarfsins eru vegnir og hefur tilfærsla undanfarinna ára gert matið þéttara og um leið skilvirkara. Nú þegar flestir matsþættir eru komnir með svipaðar forsendur verður raunverulega hægt að bera saman hina ýmsu þætti skólastarfsins enn markvissara en áður. Skýrslan í ár sýnir ákveðna skilvirkni í því sem þarf að laga hverju sinni en helstu niðurstöður koma fram í eftirtöldu:

-  Einkunnir fara lækkandi við skólann. Hæstar á raunvísindabraut, lægstar á félagsgreinabraut. Drengir virðast vera að dragast aftur úr í námi.
-  Nýr viðmið kennslumats mælir öll markmið á styrkleikabili. Mælipátturinn fjölbreyttir kennsluhættir komu síst út; rafræn framsetning í Innu er ábótavant, tímarnir eru ekki nógu áhugaverðir og kennsluaðferðir þykja ekki nógu fjölbreyttar.
-  Nemendur, útskriftarefni og nýnemar, eru ánægðir með skólann sinn, stoltir af honum og telja ímynd hans góða.
-  Aðstaða til náms þykir góð. Félagslífið fær enn og aftur slaka einkunn – mælist á svokölluðu aðgerðabili.
-  Langflestir ætla í háskólanám í framtíðinni.
-  Langflestir standast mætingarkröfur. Æ fleiri skrópa þó meira, tæp 20%, og æ færri mæta alltaf (100%). Ýmislegt gert til að bregðast við.
-  Skólapúlsinn gefur ýmislegt til kynna um nemendahópinn: Nemendur virðast njóta oftari leiðsagnarmats. Stuðningur kennara við nemendur eykst og lögð er



meiri áhersla nú á ígrundun í námi. Nemendur samsama sig síður í hópnum og virkni í tímum virðist minni.

-  Skólalámsinn segir okkur einnig margt um líðan nemenda í Flensburg. Þeir eru hamingjusamari en fyrri mælingar sýna en á sama tíma aukast þunglyndi og kvíði í hópnum. Einnig svefnleysi, einelti innan hópsins, áreitni og ofbeldi. Þetta er mikið áhyggjuefni og þarf að bregðast við.
-  Starfsfólk virðist vera sátt í starfi. Vinnuaðstaða þykir almennt góð og móttaka nýrra starfsmanna gengur vel. Ímynd skólans styrkist einnig. Óskað var eftir skilvirkara flæði upplýsinga á milli sviða. Stjórnendur mættu vera einnig sýnilegri.
-  Áhyggjur af starfsumhverfinu urðu ápreifanlegar þegar líða tók á skólaárið. Ber þar að nefna fjárhagsstaða skólans en einnig af uppsögnum og auknu álagi í kjölfar uppsagna.
-  Kennarar hafa áhyggjur af aukinni símanotkun nemenda og fjarveru þeirra. Einnig birtast áhyggjur af stöðu tungumálakennslu. Einnig er kallað eftir enn frekari breytingum á heildarnámsmati áfanga því enn eru fullmargir áfangar með of hátt vægi lokaprófs.
-  Skortur er á nýju námsefni. Lítil gerjun er á því sviði og það hamlar nýbreytni í kennsluháttum.
-  Nemendabjónustan óskar eftir að ná til stærri nemendahóps. Hlutfall nemenda sem er með gögn/greiningar v/erfiðleika í námi er um 23%. Greinilegur ávinningur er af starfi sálfræðings í skólanum.
-  Áhyggjur af félagslegri einangrun nemenda á starfsbraut og álagi á stuðningsfulltrúa.
-  Kannaður var áhugi fyrir breytingum á námsskipulaginu. Fram kom að tæpur helmingur starfsfólks vill taka upp lotubundið nám og telur það henta stefnu skólans.
-  Miðannarmatið mætti nýtast betur til hvatningar og stuðnings. Flestir kennarar meta nemendur en um helmingur nýtur sér tækifærið til að koma skilaboðum áleiðis til nemendahópsins.
-  Lagt var af stað með stefnumótunarvinnu á skólaárinu 2016-2017. Fjölmargir hagsmunaaðilar voru fengnir að borðinu og niðurstöður voru nokkuð skýrar: Jákvæður og styðjandi skólabragur á að einkenna Flensborgarskólann. Einnig var kallað eftir enn meiri fjölbreytni í kennsluháttum og námsmati. Einnig meiri sveigjanleika í námi og öflugri nemendabjónustu. (NB þessi skýrsla nær yfir skólaárið 2016-7 en ársskýrslan yfir almanaksárið 2017).

Ljóst er af þessu að Flensborgarskólinn heldur áfram að styrkjast sem skólastofnun. Aðsóknin er góð og unnið er markvisst að því að vinna gegn brotthvarfi í skólanum. Sannarlega þarf að gæta að ýmsum þáttum skólastarfsins, enda er það margbreytilegt og fjölbætt í senn. Meðfylgjandi er umbótaáætlun fyrir skólaárið 2017-2018 og verður unnið eins markvisst eftir henni og unnt er.

Sjálfsagt vekur einnig athygli hversu langt er gengið í matinu. Þannig er fjöldi athugana gerður út frá gögnum og tölfraði, starfsfólk er spurt í innanhússkönnunum, sem og nemendur, auk þess sem kapp er lagt á að fá niðurstöður frá ytri aðilum s.s. Stofnun ársins, Framhaldsskólalámsinum o.fl.

Út frá þessu er unninn aðgerðalisti og unnið með þau verkefni sem koma í ljós, auk þess sem fagnað er því sem tekst að lenda á góðan hátt.

Skólahjarta stofnunar eins og Flensborgar þarf að slá í takt við hugmyndir um jákvæða menntun, heilsuefningu, hugmyndir um skapandi vinnulag og fleira. Það er að gerast og sífellt fleiri tala og starfa í anda þess. Þannig vinnum við gegn brottfalli, gerum verkefnin áhugaverðari og bætum skólasókn. Með núvitund eflum við einbeitingu og með jákvæðu og kröftugu skólastarfi gæti það orðið minning nemenda okkar um veru sína hér að þeir hafi notið þess að vera í Flensborg.

Og þá er til einhvers unnið.

## 5 AFKOMA – REKSTRARSTAÐA – VINNA MEÐ ÞAÐ

---

Rekstur skólans, fjárhagslega séð, hefur gengið illa. Frá sjónarhóli skólans snýr það að eftirtöldu:

1. Fjárveitingar eru ekki í samræmi við þjónustukröfur sem gerðar eru til skólans.
2. Skólinn veitir meiri þjónustu en fjárveitingar leyfa.
3. Starfsbraut er þung í rekstri.
4. Flókin viðfangsefni sem ekki eru metin að verðleikum.
5. Skortur á úrræðum.
6. Kostnaður vegna vinnumats.

Þegar skoðaðar eru tölur um nýtingu og hagræðingu þá kemur í ljós að ekki verður lengra gengið án þess að skera niður launakostnað og þjónustu.

Í febrúar 2017 var sett fram skýr krafa af hálfu ráðuneytisins um betra samhengi rekstrar og fjárlaga. Var strax gengið til verka og áætlun opinberuð í apríl sama ár. Niðurskurðurinn var harkalegur og hefur síst orðið til að bæta vinnuanda skólans.

Á sama tíma gerðist það hins vegar að skuldahali fyrra árs var gjaldfelldur í heilu lagi við upphaf árs og var því skólinn í raun án rekstrarfjár. Slík framganga er óviðunandi og ekki sá stuðningur sem veita þarf við þessar aðstæður. Kallað hefur verið eftir samtali um þessi mál og fleiri frá því í nóvember 2017 og enginn fundur haldinn enn (í mars 2018).

Með miklum niðurskurði, samdrætti, uppsögnum og geymslu verkefna fór svo, þegar upp var staðið í lok árs 2017 þá var örlítið klipið af hallanum um áramót og því orðinn algjör viðsnúningur á rekstri skólans. Þess skal minnst að staðfest hefur verið að framhaldsskólar hafi verið undirfjármagnaðir um áraraðir og fjárveitingakerfið gagnrýnt harðlega.

Hitt er svo annað mál að það er þörf fyrir miklu meiri stuðning frá ráðuneytinu.

## 6 BROTTVARF OG NÁMSÁRANGUR

---

Nemendur á eldri námsskrá eru orðnir sárafáir.

Úrsagnir úr áföngum voru 135 á vorönn en 39 á haustönn.

Fall var um 18% á vorönn 2017 en 13% á haustönn 2017. Alls voru um 13 þúsund einkunnir reiknaðar sem lokaeinkunnir á árinu 2017. Það eru um níu einkunnir á nemanda og að baki

hverri þeirra má reikna með fjölda einkunna. Má ætla að þær séu aldrei færri en tíu að jafnaði. Og reiknaðu nú!

Það hefur ekki farið framhjá neinum á þessum bæ að stjórnendur og nokkur hópur kennara horfir til þess að stytta önnina og vera með þrjár eða fjórar annir á vetri í stað tveggja. Það myndi fækka þeim fjölda áfanga sem nemendur taka á vetri.

Verið er að vinna í þessu máli.

## 7 STJÓRNUN - TEYMI

---

### Yfirstjórn

**Skólameistari** ber ábyrgð á rekstri skólans eins og lýst er í lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008. Hann heldur vissum atriðum hjá sér en framselur önnur til annarra yfirmanna, eftir því sem við á. Þeir bera því ábyrgð gagnvart honum um þau mál.

- Aðstoðarskólameistari er staðgengill skólameistara.
- Áfangastjóri hefur sérstaklega með að gera skipulag skólastarfs, námsferla nemenda og gagnaskráningu.
- Fjármálastjóri sér um fjárhagsbókhalð skólans, greiðir reikninga og sér um innheimtu, hefur með áætlanagerð að gera og annast launabókhalð skólans ásamt mannauðsstjóra.
- Mannauðsstjóri hefur með málefni starfsmanna að gera. Mannauðsstjóri var í barneignaleyfi veturinn 2017-2018. Ekki var ráðið í hans stað.

### Aðrir stjórnendur með mannaforráð:

- Forstöðumaður mötuneytis sér um rekstur mötuneytis, mönnun, opnun o.s.frv. Fækkað var um einn starfsmann í mötuneyti.
- Forstöðumaður bókasafns sér um rekstur bókasafns, mönnun, opnunartíma o.s.frv. opnunartími þess var skertur um helming og starfshlutfall forstöðumanns minnkað að sama skapi. .
- Þjónustustjóri sér um rekstur vegna ræstinga, mönnun, starfsskipulag o.s.frv. Þjónustuliðum var sagt upp á vorönn 2017.
- Sviðsstjórar eru næstu yfirmenn kennara. Störf sviðsstjóra voru sett í hvíld veturinn 2017-18.
- Fagstjórar eru á starfsbraut, í íslensku, ensku, stærðfræði og íþróttum. Þeir sjá um málefni kennara í þessum greinum skv. nánari lýsingum.

Sjá nánar á vef skólans.

Sævar Már Gústafsson starfaði sem sálfræðingur skólans á vorönn 2017 í hálfu starfi. Vegna þess hversu seint upplýsingar bárust um framhald ráðningar hans, sagði hann upp og í staðinn var ráðin Kristrún Ólöf Sigurðardóttir í hálfu starf. Það sama gildir um hana að eftirspurn er næg. Verkefnið verður vegið og metið í vor.

Skólastjórnin skipuleggur starf sitt að verulegu leyti í teyrum.

Allt þetta skipulag riðlaðist mikið vegna uppsagna og niðurskurðar.

## 8 ÝMIS MÁL

Nemendur halda merki skólans á lofti með starfi sínu. NFF var undir stjórn Friðlínar Bjartar Ellertsdóttur á vorönn 2017 en Ástu Sólar Bjarkadóttur á haustönn. Félagið skipulagði marga viðburði á árinu og vaxandi áhersla er á að taka þátt í keppnum ýmsum. Skólameistari hefur lagt mikla áherslu á að jafnréttismál fái meira vægi í starfi félagsins.

Nýnemadagar, með móttöku nýnema um það leiti sem skóli er settur, nýnemaferð og dansleikur, Flensborgardagur og Vakningardagar eru stærstu viðburðir félagslífsins og skólinn skipuleggur Flensborgardaginn, með nemendum og tryggir ekki einungis aðkomu þeirra heldur veitir þeim verulega hlutdeild í viðburðum dagsins. Vakningadagar eru skipulagðir af nemendum með skólanum og aftur er áhersla á framlag þeirra eins og raunar á við kynningarmál einnig.

Flensborgarhlaupið, undanfarin ár, hefur aflað um tveggja milljóna í áheitaferð til góðra málefna. Verkefnið er ákveðið af stýrihópi HEF og hefur undanfarin ár tengst nemendum við skólann. Þá hefur skapast sú hefð að útskriftarnemar gefa afganginn af peningum sem aflað er til að standa undir dimmission til góðra málefna. Einnig vinna nemendur sjálfböðastörf tengd starfsbraut.

Nýtt umsjónarkerfi, HÁMARK (áður nefnt HVA) er að slíta barnsskónum. Því tengt er starfa- og menntahlaðborð sem haldið var í fyrsta sinn á vorönn 2017. Það verður aftur á vorönn 2018. Þangað komu um 30 stofnanir, skólar og fyrirtækiæ. Innan Hámarksins er kennd núvitund m.m.

Skólinn fékk styrki til innri verkefna.

Styrkir árið 2017		
Landlæknisembættið HEF	500.000	Lýðheilsusjóður úthlutaði kr. 800.000 til verkefnisins „Innleiðing jákvæðrar menntunar í skólalastarf.“
Íslenska fyrir útlendinga	864.570	MRN
Brotthvarf	6.500.000	MRN
SEF ráðstefna	250.000	Endurmenntun
Erasmus+	515.130	Alþjóðleg samskipti
Þróunar-og sím.sjóður SFR	147.300	Endurmenntun
Flensborgarhlaup	350.000	Góðgerðarframtak skólans
	9.127.000	

## 9 SAMVINNA VIÐ AÐRAR STOFNANIR

Hér er áframhald á sömu hlutum og var fjallað um í ársskýrslu 2015, með viðbótum.

Fyrir utan Mennta- og menningarmálaráðuneytið má nefna Félagsmálastofnun Hafnarfjarðar, en við hana er margvíslegt samstarf.

Skólinn starfar einnig með Götuvitanum og Litla hópi. Þá er samstarf við FSs og FG um fjölmörg mál. Samstarf við Tækniskólann hrundi við einkavæðingu hans. Bæjarbrúin er samstarfsvettvangur Skólaskrifstofu, grunnskólanna og Flensborgarskólans. Einnig hefur skólinn beitt sér fyrir samtali við stjórnendur og kennara Grunnskóla Hafnarfjarðar um skólaskil grunnskóla til framhaldsskóla. Skólinn starfrækir íþrótttaafrekssvið ÍAS, starfar náið með Embætti landlæknis um verkefnið Heilsueflandi framhaldsskóli. Auki þess starfar skólinn með fjölmörgum aðilum, s.s. stéttarfélagum, samtökunum Gróður fyrir fólk í Landnámi Ingólfs o.fl.

Kór skólans er í fjölda samstarfsverkefna, heima og erlendis. Flensborgarkórinn, sem er kór eldri nemenda, hefur unnið til fjölda verðlauna erlendis. Sama má segja um NFF Nemendafélag skólans. Samstarfið við það er gott. Mikil áhersla hefur verið lögð á jafnréttismál og verður áfram.

Leikfélag nemenda, sem er rekið í samstarfi við skólann setti upp söngleikinn Mormónabókina við mikla aðsókn. Sýningum varð að fækka vegna veikinda. Björk Jakobsdóttir leikstjóri, hefur unnið mikið þrekvirki og náð miklu út úr nemendum sínum.

Nemendur stóðu sig vel í Gettu betur og unnu Morfís í annað sinn á þremur árum.

Mikil vinna hefur verið lögð í stefnumótun, námskrá og þar með um leið markaðssetningu og samstarf við sveitarfélagið.

Þá hefur skólinn verið í samstarfi við Alúð, félag um vakandi athygli og núvitund, Núvitundarsetrið, FH og Hauka vegna Flensborgarhlaupsins, auk fjölda fyrirtækja sem stutt hafa ýmis verkefni, m.a. verðlaun á útskrift, Mennta- og starfahlaðborð og margt annað.

## **10 SÉRSTAKAR ÁHERSLUR OG MARKMIÐ SKÓLANS**

---

Öll þessi atriði eru aðgengileg á nýjum vef skólans - <http://www.flensborg.is/>.

## **11 LOKAORÐ**

---

Flensborgarskólinn hefur lagt áherslu á nokkur málefni undanfarin ár, í kappi við launadeilur.

Um stefnumótun og jákvæða sálfr

1. Skólabragur sem, hefur verið efldur og byggður upp í gegnum verkefnið Heilsueflandi framhaldsskóli (HEF).
2. Jákvæð menntun hefur verið leiðandi í allri vinnu er snertir reglubreytingar og vinnulag skólans.
3. Nýtt umsjónarkerfi hefur verið innleitt og núvitund er þáttur í því.
4. Mikil vinna hefur verið lögð í námskrármál.
5. Verið er að vinna í verkferlum og stefnumótun á mjög kerfisbundinn hátt.

## 6. Fjármál skólans hafa verið og verða forgangsmál.

Í Flensborgarskólanum var sem fyrr lögð áhersla á fleira en námsgreinarnar einar. Samfélagsleg verkefni, vitundarhvetjandi umræða, þróun nýrra námssjónarmiða, undirbúningur skólastefnu sem byggir á jákvæðri menntun, núvitund og margt fleira var á döfnni.

Flensborgarhlaupið 2017 var til styrktar Reykjalundi og meðferðarúrræða sem tengjast ungu fólki sem orðið hefur fyrir heilaskaða. Alls söfnuðust um fjögur hundruð þúsund krónur. Þá gáfu stúdentar og útskriftarnemar peningagjafir til góðra málefna, Hvíta bandsins og Mæðrastyrksnefndar. Flensborgardagurinn snérist um innra starf skólans og settust nemendur og starfsmenn saman í hópa og ræddu málin. Fjölmargar hugmyndir komu fram og sumar eru þegar komnar til framkvæmda. Var það að frumkvæði nemenda. Skólinn skipulagði daginn en nemendur stýrðu honum.

Það er alveg ratljóst að hér er reynt að efla fagmennsku og skólasýn fyrst og síðast og þess gætt að allt starfið sé í eins góðum vinnuramma og framast er unnt.

Við finnum metnað og afl í hverju horni, með starfi nemendafélagsins, námskrárvinnu og margskonar þróunarvinnu. Við göngum til starfa af heilum hug, með það að leiðarljósi að Flensborg sé fyrst og fremst.

Í gjafabréfi skólans frá 1882 er talað um að glæða sálargáfur nemenda og veita þeim þá menntun sem alþýðufólk þurfi að hafa. Í reglugerð sem sett var þegar skólinn breyttist í fjölbrautaskóla (1976) segir „gert skal ráð fyrir mislöngum námsferli innan hvernar námsbrautar, þannig að nemendur eigi þess kost á hverju námsári að ljúka skilgreindu námi...”

Það er von mín að þessi andi sé enn hjá okkur.

Hafnarfirði, mars 2018

Magnús Þorkelsson, skólameistari

# 12 VIÐAUKAR

---

## 12.1 REKSTRARREIKNINGAR LIGGJA EKKI FYRIR ENDURSKOÐAÐIR.

## 12.2 SKÓLASLITARÆÐUR ÁRSINS MEÐ YFIRLITI UM STARFIÐ.

### 12.2.1 Skólaslitaræða vor 2017 – stytt

Kæru útskriftarnemendur, formaður skólanefndar, samstarfsmenn og góðir gestir.

Þegar Flensborgarskólinn tók til starfa árið 1882 þá var honum ætlað að sinna alþýðubörnum í Garðahreppi. Í stofnbréfinu segir að hann skuli vera þannig að þar væri kostur á að afla sér þeirrar þekkingar, sem álitast mátti nauðsynleg hverjum alþýðumanni, er ætti að geta kallast vel að sér.

Og því bætt við að hér skyldi unnið að því að glæða sálargáfur nemenda.

Og við erum enn að þessu.

Eitt af einkennum skólastarfs í Flensborg er tengt við jákvæða menntun. Það þýðir að við reynum að leita lausna, ganga að málum með opnum huga og ræktum það sem við nefnum gróskuhugarfar.

Gróskuhugarfarið merkir m.a. að í stað þess að við göngum að verkefni með þá tilfinningu í huga að við getum ekki leyst það eða að ekki sé hægt að komast lengra þá hugsum við um verkefnið sem sóknarfæri.

Annar þáttur jákvæðrar menntunar er að íhuga hvað við getum sjálf gert í málum, fremur en ætlast til að aðrir sjái um það. „Vertu sú breyting sem þú vilt að eigi sér stað“ sagði sá mæti Mahatma Gandhi, reyndar kannski ekki á íslensku. Nemendur okkar læra slíkt meðal annars með sjálfböðaverkefnum, þátttöku í uppgræðslu, Flensborgarhlaupinu og fleiru. Það var t.d. athyglisvert að hlýða á nemendur í umhverfsfræði fjalla um það sem nemendur skólans geta lagt af mörkum til að Flensborg geti orðið grænfánaskóli.

Námið tekur á sig ólíkar myndir og það er margt sem nemandi lærir, auk námsgreinanna. Hugtakið námsgrein er raunar ævafornt og má rekja til hinna sjö frjálsu lista en það voru þær greinar sem ungir frjálsir einstaklingar í Grikklandi til forna áttu að kunna svo þeir gætu beitt sér innan samfélagsins. Þetta var annars vegar Fjórvegur (quadrivium) eða tölvisi, flatarmálsfræði, stjarnfræði og sönglist. Hins vegar Þrívegur (trivium) málfræði, mælskufræði og rökfræði. Þrívegurinn var sérlega mikilvægur vegna alþýðufunda sem haldnir voru um stjórnmal.

Allar þessar greinar eru enn til staðar í skólum en kannski munum við ekki hvers vegna þær komust þangað inn. Nemandi getur lært fjölmargt í skólanum þó einhver námsgreinin vefjist fyrir honum.

Hvers vegna rifja ég þetta upp? Kannski vegna þess að mér finnst samfélagshugsun eiga full lítið upp á pallborðið þessa dagana. Kannski er það rétt sem einhver sagði að þeir hjá Apple hefðu ekki átt að nota nafnið Ipod eða Iphone heldur hefði farið betur á því að nota t.d. our pad eða our phone. Í eða Æ í æpod ýti undir sjálfshyggju og félagslega einangrun frá mannlegum samskiptum.

Við erum svolítið sérlynd sem þjóð sem er kannski arfur þess að hafa búið einangruð, alla vega stærsti hluti þjóðarinnar, einangruð frá umheiminum og á bæ í einangruðum dal föst í snjósköflum stóran hluta ársins. Uppskeran er þá sú að við stöndum gjarna vígreif, vörð um réttindi okkar sjálfra, gleymum skyldunum sem réttindunum fylgja, gleymum því sem Voltaire sagði (líklega á frönsku): „Ég fyrir líf skoðanir þínar en ég skal fórna lífi mínu til þess að þú getir tjáð þær.“ Nefnilega að í samfélagi manna eigum við að standa vörð um hvort annað, um gildi samfélagsins, ekki eingöngu okkur sjálf.

Við gætum velt vöngum yfir því hvernig við förum með eldri borgara samfélagsins. Eiga þeir ekki að fá að njóta ellinnar að loknu framlagi sínu til samfélagsins? Eða hvaða þjónustu börn og ungmenni eiga að fá? Á samfélagið ekki að láta sig varða um það hvort ungt fólk hafi ráð á að kaupa húsnæði eða leigja. Og eigum við að ala börn okkar upp í sátt eða græðgi.

Samstarf, samfélag, samvinna, þetta sam sem svo oft kemur fyrir segir ekki að við eigum að einangra okkur og hagsmunir okkar. Að mínu viti eigum við að opna fyrir samstarf og þá uppgötvast hygg ég að slíkt samstarf er til bóta fyrir alla en ekki bara suma.

Við erum komin langan veg frá einangruðu bæjarhúsunum að alþjóðavæðingu. Við erum búin að sjá að sameiginleg heill jarðarbúa og lífríkis jarðarinnar er stærri en hagsmunir einstaklinga.

Við erum líka búin að sjá að hver einstaklingur getur haft áhrif og við hér í Flensborg vonum að við höfum lagt í hendur nemenda okkar þekkingu á umhverfi þeirra, skilning á fjölbreytileika þess og tæki til að hafa áhrif, svo ekki sé talað um kjark til að stíga skrefin.

...

Að auki verða breytingar á verkefnum og skipulagi sem munu væntanlega sjást betur í haust.

Rétt er að þakka NFF, nemendafélaginu og forystu þess fyrir þeirra framlag í vetur. Þar eru orðin oddvitaskipti og að venju erum við full tilhlökkunar að takast á um skólastarfið og félagslífið og það hvaða vægi hvort um sig á að hafa.

Skólinn er sífellt að verða flóknari með viðeigandi álagi og kröfum, eins og reyndar allt skólakerfið. Ný verkefni og vinnukröfur á skóla geta verið mjög íþyngjandi. Gagnrýni á skólastarf er góðra gjalda verð. Það er gott að rýna til gagns. Framhaldsskólinn hefur gengið í gegnum illvíga og oft ómaklega umræðu síðustu áratugi. Sýnist mér á stundum að þar séu lögð til grundvallar viðmið sem giltu einu sinni. Breytingarnar eru ótrúlegar.

Rannsóknir sýna að lífshættir ungmenna eru að mörgu leiti mun heilsusamlegri en þeir voru og framganga þessara ungmenna á dimmisson var allt önnur en var fyrir örfáum árum síðan. Við þyrftum að þenja brjóst og sperra stél og vera stolt af því góða starfi sem unnið er í skóla sem þessum – og halda áfram. Við þurfum að hlúa að ýmsum þáttum, en líka hvert öðru og sama gildir um nemendur. Í vetur voru hjá okkur þrír nemendur sem leituðu skjóls hér á landi, frá Sómalíu og Kúrdistan í Norður Írak. Hver örlög þeirra verða er ekki ljóst en þau hafa vonandi fundið hér skjól. Nemendur söfnuðu undirskriftum til stuðnings þess að þær systur frá Kúrdistan í Norður Írak mættu vera hér áfram þegar þær fengu brottvísun úr landi og vonandi fer það vel. Þau láta sig varða um félagi sína.

Mig langar aðeins að víkja að starfinu hér. Þetta eru flókin ár og miklar kröfur uppi. Í okkar margbrotna og að mörgu leiti fjölbjóðlega skóla, með alla sína valkosti, brautarafbrigði og þjónustu, verður líf allra stundum verulega flókið. Þá er gott að eiga gróskuhugarfarið og núvitundina. Einfalt dæmi er símnótun nemenda, raunar allra. Ekki veit ég hversu mörg tíst hafa farið síðustu mínútur héðan. Við viljum mæta öllum en þurfum stundum að draga í dilka og forgangsraða. Mér finnst mikilvægt að fólk skynji að skóli 21. aldarinnar er annar en hann var hér í den, og gat nú lífið virst flókið þá líka. Skólinn er nemendurnir sem til hans sækja og skóli án nemenda er harla tilgangslaus. En starfsfólkið og starf þess, sérlega kennaranna er ástæðan fyrir því að nemendur sækja í skólann.

Flækjustig skólastarfs flækist og okkur er ætlað að fræða nemendur um svo óskaplega margt, auk námsgreinanna og ekki má slá af kröfum þar.

Að mínu viti er það of sjaldan tekið með í reikninginn að það er eitt að tala um skólamál og annað að vera með nemendahóp. Það eru forréttindi að fá að vinna með því fagfólki sem hér starfar. Það er aldrei of oft sagt.

Göngum út í sumarið með þessa hugsun.

Takk fyrir

...

Ingibjörg Rún Óladóttir

66

9,4 - 140

og er Ingibjörg því dúx skólans.

Afhending prófskírteina

Við skulum við byrja að brautskrá þennan glæsilega hóp. Við köllum þau upp og afhendum skírteinin. Þó þau eigi öll skilið klapp og hrós biðjum við um að þið sparið klapp og hróp meðan við erum að lesa þau upp. Það gæti þó verið að í einhverju tilviki geri ég undantekningu en þá læt ég vita.

Starfsmenn kvaddir sem eru að hætta vegna aldurs.

Guðný Kristmundsdóttir

Hún Guðný hefur starfað hér við skólann í áraradír, fyrst að nafninu til hjá NFF í sjoppu/matsölunni sem var í gamla salnum, sem margir muna eftir en þegar Hamar var tekinn í gagnið þá lagðist eldhúsið af þar og fluttist hingað og hún með. Samveran með Guðnýju er heillandi því hún hefur svo yndislegt viðmót. Auk þess að hafa lagt skólanum lið og starfskrafta hafa fjögur systkin, börnin hennar, Þórður, Róbert, Ragnhildur Ósk og Sunna, sem var hér oddviti einn vetur, verið við nám hérna. Það er yndislegt að hafa fengið að vinna með Guðnýju.

Magnús Gíslason

Magnús hóf störf við skólann haustið 1978. Þegar ég kom hér fyrst 1981 þá kynntist ég jákvæðum og heillandi kennara sem var frumkvöðull í félagsgreinum og tölfræði. Hann var fljótlega farinn að þæla í tölvunotkun og kenndi mér sitt lítið af hverju. Það yrði til að æra óstöðugan að telja upp öll hans afrek en fyrst og síðast frábær fagmaður, góður félagi og vinur. Hann hefur gert svo afskaplega margt skemmtilegt fyrir okkur að ég veit ekki hvað við gerðum án hans.

Merki



Ásrún Óladóttir  
Guðmundur Garðar Brynjólfsson  
Snædís Baldursdóttir  
Sigríður Ragna Birgisdóttir

*Lokaorð*

Nokkur orð um Mormónabókina og Björk

Nokkur orð um síðasta lag kórsins og tónleika – klappa fyrir þeim og Fjólu

Nú fer að líða að lokum þessarar athafnar. En áður nokkrar hagnýtar upplýsingar. Þegar ég lýk máli mínu mun þessi glæsilegi hópur sem stendur hér að baki mér syngja Þjóðsönginn okkar, *Ó, Guð vors lands. Sveinbjörn Sveinbjörnsson, Matthías Jochumsson. Okkur finnst rétt að standa upp og taka undir með kórnum.* Þeir sem treysta sér í það.

Síðan gefum við kórfélögum sem voru að útskrifast kost á að sameinast hópnum sem Erla leiðir úr salnum og ég elti. Þau hitta ykkur hér frammi en þar, það er í anddyrinu og á göngum er boðið upp á kaffi og eitthvað smávegis meðlæti til að gestir geti staldrað aðeins við og spjallað saman áður en útskriftarhópurinn kemur hingað inn í myndatöku. Og athugið að það er líka kaffi uppi, ekki einungis hér í anddyrinu og við þurfum að dreifa okkur svolítið því annars er þröngt. Á meðan Gunnar ljósmyndari tekur ógleymanlega mynd af hópnum, bíða áhugasamir myndasmiðir hér frammi. Svo verður opnað inn í salinn og þá fá ættingjar að taka hóflega margar myndir. Myndatakan fyrir skólann hefur sem sé forgang. Á göngum skólans eru fjölmargar myndir af eldri útskriftarárgöngum og er ykkur velkomið að ganga um húsið og skoða þær.

Ég þakka ykkur öllum sem hér eruð samveruna í dag, gestum sem tengjast þessari útskrift, raunar ykkur öllum sem hafið verið hluti af starfi okkar um lengri eða skemmri tíma.

X

Kæru útskriftarnemendur. Nú er komið þar í sögunni að ég þarf að botna mál mitt vel og vandlega.

Þið eruð nú orðin hluti af þeim hópi sem lokið hefur námi við Flensburg. Sú saga nær aftur um 135 ár 1. október næstkomandi. Þegar fram líða stundir munu einhver ykkar snúa aftur og vilja fara að kenna hjá okkur. Eða annars staðar. Sjáum til.

Hér er hópur sigurvegara. Sum komu inn á hlaupum og fara út á hlaupum. Það eru líka seigluboltar, sem hafa klárað á lengri tíma, en luku samt þrátt fyrir margslungið mótlæti á stundum.

Ég er afskaplega stoltur af ykkur öllum. Þið hafið nú útskrifast, eftir nú þegar allanga skólagöngu. Vera má að einhver ykkar hafi þegar séð í næsta áfangastað og næsta próf en að önnur ykkar gruni ekki Gvend um hvað tekur nú við. Það nám sem þið stunduðu hér er tæki til að fara með út í lífið, prófskírteinið vottar það. Ég vona að þið hættið aldrei að læra.

Og munið að lífið á eftir að koma ykkur á óvart. Þið hafið verið hér, bundist vinaböndum, lært sitt hvað í námsgreinum, sem og vonandi gott verklag og hugarfar, góða siði og fleira sem er gott að hafa út í lífið. Þið munið eiga eftir að takast á við sitt af hverju, standa frammi fyrir ákvörðunum sem þið vilduð ekki þurfa að sæta eða taka ákvarðanir sem þið vilduð ekki þurfa að taka. Munið þá regluna góðu úr íþróttunum að maður fer í boltann en ekki manninn.

Lífið er ótrúlega skemmtilegt að langmestu leiti. Það tekur allskonar beygjur og vísar manni leiðir sem maður vissi ekki að væru til. Látið ykkur dreyma, látið ykkur langa og munið að efast inn á milli, skoða og rýna til að greina það sem er gott og rétt frá því sem er síður gott eða síður rétt. Lífið er ekki svart hvítt, það er marglitt og erfitt að nota eingöngu hvítt og svart til að lýsa því. Þó maður sé í FH.

Við erum búin að gera okkar. Núna er boltinn hjá ykkur.

Setjið ykkur markmið og látið drauma ykkar rætast.

Og það er máski vegarnesti mitt til ykkar.

Nú er valið ykkar. Veljið með hliðsjón af væntingum ykkar, þess sem hjartað segir ykkur og munið að við verðum aldrei fullnuma og þess vegna leitum við áfram að því sem bætir líf okkar, en ekki síður líf annarra. Það er gaman að breyta heiminum, krefjandi en gaman. Og það er langhlaup.

Farnist ykkur vel.

Framtíðina eigið þið. Vegurinn sem þið farið er ykkar vegur. Hann getið þið gengið með öðrum en aðrir ganga hann ekki fyrir ykkur.

Ég segi skólaárinu 2016-2017 lokið.

## 12.2.2 Skólaslitaræða haustönn 2017 – stytt

Dagskrá útskriftar jólin 2017

Þögull en stjörnum prýddur geymur

óstöðugur heimur

samt allt svo stillt

Nótt býður tækifæri að nýju

breytir kuldanum í hlýju

og færir von

Það er gaman, nú í aðdraganda jóla, að safnast saman í dag, á vetrarsólstöðum. Kannski vegna þess að vetrarsólstöður hafa orðið tilefni hátíðarhalda víða um heim í árþúsundir. Frægasta hátíðin sem frá þeim er sprottin eru Jólin sem ganga undir því nafni víða um Norður Evrópu og gerðu það fyrir daga Kristninnar. Kristnin tók síðar hátíðina yfir, færði til um örfáa daga og kallaði hana hátíð ljóssins. Í dag náði sólin að skríða tæpar þrjár gráður yfir sjóndeildarhringinn og gefa okkur dagsbirtu í fjórar klukkustundir og sjö mínútur. Nú stendur allt til bóta því frá og með deginum í dag lengist hver dagur, fyrst um mínútu, svo um tvær allt þangað til að 21. júní rennur upp og sól sest um miðnætti, rís kl. um þrjú að nóttu og aldrei dimmir. Það er því við hæfi að þegar þið hafið verið útskrifuð þá taki framtíðin við ykkur með hækandi sól.

Haustönnin fór af stað með hefðbundnum hætti. Og þó. Vissulega voru fundarhöld og nýnemaferð en nýnemadansleikurinn reyndist sannarlega stórdansleikur þar sem hiphop tónlistarmenn stóðu fyrir sínu. Ekki var nóg með að hingað kæmu danskir rapparar og reyndar íslenskir líka. Segja má að aðalstjórnurnar hafi ekki aðeins verið íslenskar. Um var að ræða dúett, þá Jóa P og Króla, en Króli – Kristinn Óli er nemandi hér. Þeir áttu mest spilaða lagið á Spotify þá um stundir. Lagið var algjör Bomba- og heitir það!

Flensborgarhlaupið gaf af sér fjögur hundruð þúsund krónur sem fóru til deildar á Reykjalundi sem vinnur með ungt fólk með heilaskaða. Oftast er um að ræða fólk sem lenti í slysum. Þarna fer merkilegt starf fram. Sem betur fer sleppa flestir úr slysum án heilaskaða. Hins vegar er unga fólk þetta okkar í áhættuhópum á svo mörgum sviðum og því er vert að vekja athygli á þessu.

Flensborgardagurinn er afmælisdagur skólans. Við létum hann snúast um innri mál og settust starfsmenn og nemendur saman í hópa og ræddu mál skólans. Vegna þeirrar umræðu eru að fæðast tillögur um ýmislegt og sumt komið til framkvæmda. Þannig munum við gera einfaldar breytingar á stundatöflunni og nemendafélagið gerði breytingar sem efla lýðræði innan þess. Það komu fram óskir um breytingar á námskrá, verklagi, auk þess sem mjög sterk sjónarmið voru lögð fram um viðbrögð í eineltismálum og um skólasóknarreglur. Þetta mun líta dagsins ljós á næstu önn.

Í ljósi umræðunnar um einelti, sem og samfélagsumræðuna kennda við Me too, ákvað ég, í samráði við jafnréttisfulltrúann okkar, hann Örlýg Axelsson, að setja yfirlýsingu á vef skólans sem hefst svona:

„Skólameistari Flensborgarskólans minnir á að í skólanum er skýr jafnréttisstefna og skýr stefna um viðbrögð við einelti og hvers konar ofbeldi á hvaða stigi sem er.“ Yfirlýsingin er lengri og afdráttarlaus.

Heilsueflandi framhaldsskóli er eitt af flaggskipum okkar. Nú eru árin orðin níu. Þetta verkefni er orðinn hluti af okkar starfi, fastur hluti, um leið og það elur af sér einhverjar nýjungar á hverju ári.

Ég vil hrósa nemendafélaginu fyrir hreint frábæra haustönn. Nú eru framundan stór verkefni og ég hlakka til að vinna þau með þeim.

Samstarf NFF og skólans hefur verið vaxandi og ánægjulegt að finna að það er aukinn áhugi á því að ræða málefni nemenda, ekki einvörðungu skemmtanahald.

Við finnum síaukinn áhuga á málefnum skólans t.d. í gegnum foreldraráðið. Slíkk tengsl eru okkur holl og góð.

Nýlega var svo skipuð ný skólanefnd og hygg ég að meðalaldur fulltrúa í henni hafi aldrei verið lægri og langstærsti hópurinn eru Flensborgarar, á einn eða annan hátt.

Þjónustustig skólans er mjög hátt og veitir ekki af. Með tilkomu sálfræðings, kennsluráðgjafa og nánú samstarfi þessara, námsráðgjafa og stjórnenda hefur ýmislegt áunnist. En það er vissulega íhugunaratriði hvort skólinn sé á réttum stað þegar hann er farinn að veita þjónustu á sviði félagsþjónustu og heilbrigðisþjónustu. Að mínu viti er það óhjákvæmilegt en það væri vissulega til bóta að stjórnvöld útfærðu með okkur hvernig þetta eigi að gerast fremur en láta okkur um það sjálf. Eitt er þó víst að ef skólinn gerði þetta ekki þá væri brotthvarf frá

námi miklu meira en það er. Við á hinn bóginn sjáum að með auknum þroska, einurð og seiglu þá ljúka margir námi sem ekki hefðu fengið tækifæri til þess í eina tíð. Margt af þessu fólki er nú langsskólagengið, jafnvel búið með tvær háskólagráður. Sem segir okkur að líklega er tíunda geðorðið rétt – velgengni er langhlaup. Við viljum líka kappkosta að sjá til þess að nemandi geti fléttað hugðarefnum sínum, s.s. íþróttum, björgunarsveitum og listnámi saman við námið hér. Nemendur eiga ekki að þurfa velja milli skólanáms og t.d. afrekisíþróttar. Við erum að vísu svolítið stýgg við fólk sem sýnir sérlega hæfileika í næturvökum og tölvuleikjum en það er annað.

Á haustönn var skólinn málaður að innan, stórir hlutar hans alla vega. Þá fengum við leyfi til að setja nafn skólans og merki hans á gaflinn sem snýr upp á Hringbraut.

Á nýliðnu hausti urðu ekki miklar breytingar á starfsmannahópi skólans.

Jennifer Louise McNamara, Dröfn Jónasdóttir, kennarar og Krístrún Ólöf Sigurðardóttir sálfræðingur komu sterkar inn.

Úlfur Einarsson, Júlíus Andri Þórðarson og Sólveig Hlín Sigurðardóttir hverfa frá störfum og er eftirsjá í öllum þremur.

Fjárlögin ætla ég ekki að gera að umtalsefni. Rétt eins og manni tekst alltaf að fylla alla skápa þá tekst manni að ráðstafa hverri krónu og gæti notað sumar tvisvar. Við þurftum að fara í verulega hagræðingu sem ekki er lokið. Fyrir utan mikla hagræðingu í öllum störfum þá var yfirstjórn skólans minnkuð um tvö og hálf stöðugildi. Allir urðu fyrir þessu, mismikið og hafa starfsmenn sýnt mikið langlundargeð í þessum óhjákvæmilega niðurskurði. Það er markmið okkar að það sé ekki viðvarandi umræðuefni að Flensborgarskólinn sé með skuldahala.

Aðal málið er að við getum sinnt nemendum okkar og námslegum þörfum þeirra.

Við stefnum inn í hátíð ljóssins, eftir nokkurn óróa innanlands og utan. Orðaskak stjórnámalanna, sem byggja á vinsældahyggju, þjóðernishyggju sem kallar á flokkadrætti og niðurröðun hópa eftir einhverri ímyndaðri virðingu, menningarlegri einangrun og jafnvel ofbeldi vekur ugg. Hér á landi er t.d. verið að vinna með eitthvað sem kallast fjölmening í skólum, svona eins og það sé eitthvað flókið mál. Það er það raunar kannski í okkar einfalda heimi þar sem við skiptum okkur í Íslendinga og útlendinga. Þegar það er gert held ég að við gleymum því að við erum núll komma núll, núll, núll fimm promill af íbúatölu jarðar eða svo. Það er óralöng hefð fyrir því að kenna íslenskum skólabörnum að þjóð sé hópur fólks sem á sameiginlegan menningararf, talar sömu tungu og býr á sama svæði eða innan sömu landamæra. Ég ætla aðeins að segja það að svona hugsun er hættuleg. Við höfum hér í skólanum nemendur sem koma af ýmsum ástæðum erlendis frá. Þar eru skiptinemar, flóttamenn, innflyjendur svo nokkuð sé nefnt. Við erum líka með starfsmenn sem eru af erlendu bergi brotnir, eða hafa búið langdvöllum erlendis o.s.frv. Við, sem skóli, græðum á því að fá þetta fólk til okkar. Við lærum að þrátt fyrir allskonar menningarmun þá langar okkur öll til að einfaldlega láta drauma okkar rætast. Þankagangur okkar er í grunninn sá sami, án tillits til litar, trúar, tungutaks eða annars sem við hér á landi erum vön að nota til að skilja aðra frá okkur. Í svona málum ber skóla að veita skjól, veita fræðslu og opna huga nemenda okkar fyrir öllu því stórfenglega sem gerist á hverjum degi um allan heim og engir símar eða annars konar tölvur geta kennt okkur því skóli er samfélag og mannleg samskipti skipta okkur miklu.

#### Tölfræði útskriftar

Mér telst til að það séu 67 nemendur að útskrifast í dag. 34 karlar og 33 konur. 20 ljúka skv. nýrri námskrá. Einn nemandi lýkur námi af nýrri námsbraut á tveimur og hálfu ári. Sá fyrsti sem það gerir.

Á afrekssviði eru 13 manns en annars skiptist hópurinn svo niður á brautir:

Af félagsfræðibrautum útskrifast 26, þar af fjögur skv. nýrri námskrá. Af málabrautum er einn nemandi. Af náttúru- og raunvísindabrautum 21 þar af 4 skv. nýrri námskrá. Af viðskiptabrautum átta – þar af einn af nýrri námskrá og ellefu af opinni braut.

Row Labels	Count of Nafn	
Félagsfræðabraut	18	26
Félagsfræðabraut, íþróttafrekssvið	4	
Félagsvísindabraut (2015)	4	
Málabraut_íþróttafrekssvið	1	1
Náttúrufraeðabraut	14	21
Náttúrufraeðabraut_íþróttafrekssvið	3	
Opin námsbraut (2015)	9	11

Opin námsbraut (2015) afrekssvið	2	
Raunvísindabraut (2015)	4	
Viðskipta- og hagfræðabraut	4	8
Viðskipta- og hagfræðabraut_íþróttafrekssvið	3	
Viðskipta- og hagfræðibraut (2015)	1	
Grand Total	67	

Margir sem hafa haft fyrir hlutum og eiga heiður skilinn fyrir að vera komin hingað

Hæstu einkunnir eru:

Dúx útskriftarinnar er Selma Rún Bjarnadóttir 9,37

Við búum svo vel að eiga góða að. Það eru fjölmargir sem styrkja verðlaunin á þessari útskrift. Við nefnum Góu

Íslenska stærðfræðifélagið

Gámaþjónustuna

Háskólann í Reykjavík

Embætti landlæknis

Río tinto í Straumsvík

Sem leggja til verðlauna sérstaklega en auk þess leggja Íslandsbanki og Hádegisverðarklúbburinn okkur lið í tengslum við Fræðslusjóð Jóns Þórarinssonar eins og fram kemur síðar.

Skólameistari -Lokaorð (Kór bíður) Skólameistari kynnr kórinn

Nokkur orð um síðasta lag kórsins og tónleika – klappa fyrir þeim og Hrafnhildi

Skólameistari -Lokaorð (Kór bíður) Skólameistari kynnr kórinn

Nú fer að líða að lokum þessarar athafnar. En áður nokkrar hagnýtar upplýsingar. Þegar ég lýk máli mínu mun þessi glæsilegi hópur sem stendur hér að baki mér syngja Jólalagið - Heims um ból við lag eftir Franz Gruber og við syngjum ljóðið sem Sveinbjörn Egilsson orti. Okkur þykir það sérlega hátíðlegt að þeir sem eru hér viðstaddir syngi með og biðjum ykkur að rísa úr sætum á meðan. Fyrir þá sem það vilja þá er ljóðið í dagskrárheftinu. Þetta fallega lag er sungið um þessar mundir um allan heim, vissulega trúarlegt en veldur vonandi engum ama þó við syngjum það. Ég vona það alltént.

Síðan gefum við kórfélögum sem voru að útskrifast kost á að sameinast hópnum sem Erla leiðir úr salnum og ég elti. Þau hitta ykkur hér frammi en þar, það er í anddyrinu og á göngum er boðið upp á kaffi og eitthvað smávægis meðlæti til að gestir geti staldrað aðeins við og spjallað saman áður en útskriftarhópurinn kemur hingað inn í myndatöku. Og athugið að það er líka kaffi uppi, ekki einungis hér í anddyrinu. Á meðan Heiða Dís ljósmyndari tekur ógleymanlega mynd af hópnum, biðja áhugasamir myndasmiðir hér frammi. Svo verður opnað inn í salinn og þá fá ættingjar að taka hóflega margar myndir. Myndatakan fyrir skólann hefur sem sé forgang. Á göngum skólans eru fjölmargar myndir af eldri útskriftarárgöngum og er ykkur velkomið að ganga um húsið og skoða þær.

Ég þakka ykkur öllum sem hér eruð samveruna í dag, gestum sem tengjast þessari útskrift, raunar ykkur öllum sem hafið verið hluti af starfi okkar um lengri eða skemmri tíma.

Sérstaklega vil ég þó þakka þeim vaska hópi sem kemur að undirbúningi útskriftarinnar, og ætla ekki að telja þau öll upp. Samstarfsfólkið og krakkarnir gera það að verkum að manni leiðist aldrei í vinnunni.

En fyrst þetta:

Kæru útskriftarnemendur

Þið eruð nú orðin hluti af þeim hópi sem lokið hefur námi við Flensborg. Sú saga nær aftur um 135 ár. Þegar fram líða stundir getið þið sótt um styrk í Fræðslusjóðinn og án efa munu einhver ykkar snúa aftur og vilja fara að kenna hjá okkur. Eða annars staðar. Sjáum til.

Ég nefndi áðan skilgreiningu á orðinu þjóð. Ástæða þess að það er ofarlega í huga mér er það að ég ferðaðist til Asíu í haust og kom við á Indlandi og í Dubai. Vitaskuld voru þetta engir landafundir en ferðin opnaði augu mín fyrir ýmsu.

Meðal annars því að Indverjar líta á sig sem þjóð, þó svo þar séu 23 opinberlega viðurkennd tungumál. Hér á landi erum við að basla með okkar litlu þjóð og þetta eina, þetta fallega tungumál okkar.

Það var fleira sem vakti athygli mína. Það var það sem ég leit á sem fátækt. Fólk sem hafði í árslaun minna en myndavélin mín kostaði. Og hún var ekkert sérlega dýr. Ég spurði um þetta fólk og mér var bent á að stórir hópar t.d. götusala líta ekki á sig sem fátæka. Þeir telja sig margir afla nógu mikils fyrir sig og sína.

Nú ætla ég ekki að leggja til að við setjumst niður og reynum ekki að sækja fram. En það eru mörg handtök sem við getum unnið. Þið leggið ykkar lóð á vogarskálarnar með gjöf ykkar til BUGL – barna og unglingsgeðdeildar landspítalans.

Styrkþegi Fræðslusjóðs Jóns Þórarinssonar 2017 er núna í Suður Ameríku að vinna með hjálpsamtökum og stefnir á nám sem opnar henni dyr að alþjóða hjálparstofnunum. Þetta er líka leið. Tengist leiðinni að láta sig varða um aðra.

Meðan þið veltið fyrir ykkur hvað þið ætlið að gera, nú þegar þið eruð orðin stór þá skuluð þið muna að lífið gæti tekið af ykkur völdin og leitt ykkur í farveg sem þið vissuð ekki að væri til. Við getum tekið á móti framtíðinni, brugðist við henni og reynt að vera eins viðbúin og hægt er en eins og Bítillinn John Lennon (ég vona að þið vitið hver hann var...) eins og Bítillinn John Lennon sagði þá er lífið það sem gerist á meðan maður er upptekinn við að gera önnur plön.

Sækið fram, haldið í vinina sem þið eignuðust hér, ræktið hugann og hjartað en hvað sem þið gerið látið ekki græðgi og valdafíkn stjórna ykkur. Einmitt þessa dagana stendur okkur ógn af slíkum mönnum á alþjóðavettvangi.

Vandið ykkur, ígrundið og þælið og munið að láta hjartað ráða för. Því það er betra að vera fyrsta flokks útgáfa af sjálfum sér en að reyna að vera jafnvel hundleið útgáfa af einhverju sem mann langar ekki til að vera en aðrir vilja að maður sé.

Veljið með hliðsjón af væntingum ykkar, þess sem hjartað segir ykkur og munið að við verðum aldrei fullnuma og þess vegna leitum við áfram að því sem bætir líf okkar, en ekki síður líf annarra. Það er gaman að breyta heiminum, krefjandi en gaman. Til þess þarf seiglu og úthald.

Farnist ykkur vel, kíkið við og leyfið okkur, sem eftir sitjum, að heyra af ykkur.

Framtíðina eigið þið. Vegurinn sem þið farið er ykkar vegur. Hann getið þið gengið með öðrum en aðrir ganga hann ekki fyrir ykkur.

Með þessum orðum færi ég öllum sem hér eru hamingjuóskir með daginn og um leið og ég lýsi því yfir að haustönn 2017 sé lokið þá óska ég ykkur gleðilegra jóla.

### **12.3 ÞRIGGJA ÁRA STEFNA.**

<b>Ríkisaðili</b>	<b><i>Flensborgarskólinn í Hafnarfirði</i></b>
<b>Ábyrgðaraðili</b>	<i>Magnús Þorkelsson</i>
<b>1</b>	<b>Kjarnastarfsemi</b>
	<p>Flensborgarskólinn í Hafnarfirði hefur samkvæmt lögum um framhaldsskóla (92/2008) það hlutverk að taka á móti ungu fólki sem hefur lokið grunnskóla og finna því leið í gegnum framhaldsskólakerfið. Kjarnastarfsemin er því að veita kennslu og mennta ungt fólk sem til skólans sækir. Skólinn er bóknámsskóli fyrst og fremst en sinnir auk þess nemendum, sterkum sem veikum, og leitar bestu úrræða fyrir þá. Markmið starfseminnar eru útfærð í 2. gr. fyrrgreindra laga.</p> <p>Með þessum áherslum í kjarnastarfsemi tekur skólinn virkan þátt í vinnu að markmiðum stjórnvalda um aðgang að fjölbreyttu námsframboði sem uppfyllir viðmið um gæði, þ.m.t. starfsnámi og að nemendur ljúki námi á tilskildum tíma miðað við aðalnámskrá 2011.</p> <p>Skólinn er áfangaskóli sem býður upp á nám á brautum til stúdentsprófs, auk starfsbrautar (sjá <a href="http://www.flensborg.is">www.flensborg.is</a>). Innan brautanna er einnig hægt að velja svið; íþróttafrekssvið, listasvið og félagslífssvið og miðað er við að nám á stúdentsbrautum taki þrjú. Inntökumiðmið á einstaka námsbrautir eru tilgreind á vef skólans sem og kröfur um námsframvindu og skipulag brautanna. Skólanámskrá skólans er birt á vef hans. Hún er í endurskoðun í heild sinni.</p> <p>Á haustönn 2017 voru 722 nemendur skráðir í skólann en samkvæmt áætlun ráðuneytis er gert ráð fyrir að 716 ársnemendur stundi nám við skólann á árinu 2018, en fækki jafnt og þétt í 632 til ársins 2020.</p> <p>Allnokkuð brotthvarf er við skólann. Það skýrist að hluta af því að nemendur fara í annað nám, það er mikil getubreidd í hópi nemenda (þ.m.t. nemendur með margvíslegar greiningar og viðfangsefni) auk fleiri þátta. Skólann einkennir fjölbreytileiki og miðast allt þróunarstarf við þann fjölbreytileika.</p> <p>Flensborgarskólinn er heilsueflandi framhaldsskóli þar sem unnið er með jákvæða menntun, gróskuhugarfar, einbeitingu (núvitund) og almenna vellíðan. Námskrá skólans er sniðin utan um þessa hugsun og einkennist skólinn af sterkum skólabrag, jákvæðu andrúmslofti og hvetjandi vinnuanda.</p>



Markmið 1			Tengist markmiði málaflokks				
Að auka skuldbindingu nemenda við námið			Fleiri nemendur í framhaldsskóla ljúki námi á tilskildum tíma				
Mælikvarðar	Gögn lögð til grundvallar	Staða 2016	Staða 2017	Viðmið 2018	Viðmið 2019	Viðmið 2020	
Meðaltal svara um viðhorf til kennslu og náms	Kennslumat tvisvar á skólaári (Svarmöguleikar á bilinu 1-5 þar sem styrkleikabil er 4,2-5) <i>Skólapúlsinn</i> – úrtakskönnun <i>Hlýtt á nemendur</i> : niðurstöður úr umræðum og könnun	Bæta þarf samstöðu meðal nemenda, fjölbreytni í kennsluháttum og orðspor skólans. Sjá einnig sjálfsmatsskýrslu 2015-2016	Flensborgar-skólinn mælist á starfshæfubili 3,70-4,19. Að þátttaka nemenda í mótunarstarfi sé viðurkennd	Að Flensborgar-skólinn mælist á styrkleikabili 4,20-5,00. Að nemendur séu sáttir við dvöl sína, stoltir af skólanum sínum og orðspori hans	Að Flensborgar-skólinn mælist á styrkleikabili $x > 4,25$ . Að skólabragurinn einkennist af framsækni og metnaði, skuldbindingu nemenda til náms	Að Flensborgar-skólinn mælist á styrkleikabili $x > 4,25$ . Að skólabragurinn einkennist af framsækni og metnaði, skuldbindingu nemenda til náms	
Meðaltal svara um jákvæða sjálfsmynd og góð líðan nemenda	Skólapúlsinn Viðhorfskönnun nýnema og útskriftarnemenda Viðtöl umsjónarkennara við nemendur			Að Flensborgar-skólinn mælist á styrkleikabili 4,2-5.			
Hlutfall starfsfólks sem hlotið hefur þjálfun í að vinna með gróskuhugarfar og jákvæða menntun	Tölur úr starfsmannahaldi; fjöldi starfsmanna í þjálfun, fjöldi nýrra starfsmanna með menntun/reynslu Viðhorfskönnun Kennslumat	20 starfsmenn hafa hlotið einhverja þjálfun	Sama staða og 2016	Heildaraukning um 100%	Heildaraukning 100%	Allir starfsmenn hafa hlotið þjálfun í að vinna með jákvæða menntun og gróskuhugarfar	

Aðgerðir	Upphaf	Lok	Kostnaður 2018	Kostnaður 2019	Kostnaður 2020
Efla nemendajónustu enn frekar	Haust 2016	2018	3 mio	Framkvæmd lokið	Framkvæmd lokið
Núvitund gerð að föstum þætti skólastarfsins. Útfært í kennslu Hámarks - umsjónaráfanga	Ársbyrjun 2016	2018	2 mio	Framkvæmd lokið	Framkvæmd lokið
Starfsfólk þjálfað í að vinna með jákvætt skólastarf og gróskuhugarfar	Haustið 2015	2019	1 mio	1 mio	Framkvæmd lokið

Markmið 2			Tengist markmiði málaflokks			
Auka gæði náms			Nemendur úr öllum landshlutum hafi aðgengi að fjölbreyttu bók- og starfsnámi			
Mælikvarðar	Gögn lögð til grundvallar	Staða 2016	Staða 2017	Viðmið 2018	Viðmið 2019	Viðmið 2020
Breytingar á námskrá skólans	Námskrá Skýrslur kennara Starfsmannasamtöl	Allar brautir staðfestar af ráðuneyti	Námskrá verði endurmetin. Verklagsreglur búnar til	Námskrá verði endurmetin. Verki lokið	Unnið eftir verklagsreglum	Unnið eftir verklagsreglum
Meðaltal svara um viðhorf nemenda til kennslu og náms	Kennslumat / Skólapúls Hlýtt á nemendur Aðrar kannanir; svo sem útskriftarnemenda, nýnema og foreldra þeirra	Nokkuð góð. Liggur að mestu leyti á starfhæfu og/eða styrkleikabili en nokkrir þættir eru á aðgerðabili.	Að Flensborgarskólinn mælist á styrkleikabili 4,2-5 Heildaraukning um 2%	Heildar aukning um 2%	Heildar aukning um 1%	Heildar aukning um 1%
Greining á helstu niðurstöðum stefnumótunar	Niðurstöður stefnumótunar	Vantar heildstæða framtímarsýn fyrir Flensborgarskólann	Vinna hafin við að skilgreina tækifæri og væntingar nærsamfélags til skólans	Framtíðarstefna Flensborgarskólans tilbúin. Vinna hafin við að forgangsraða verkefnum/störfum í tengslum við þá stefnu.	Forgangsstöðun verkefna lokið. Auglýst eftir þróunarverkefnum, úrvinnsla og framkvæmd á H2019.	Framkvæmd lokið
Aðgerðir		Upphaf	Lok	Kostnaður 2018	Kostnaður 2019	Kostnaður 2020
Kennarar meti áfanga sína miðað við þrepasetningu og einingafjölda		Haustönn 2017	2019	Fellur undir kostnað við starfsmenn	Fellur undir kostnað við starfsmenn	Komið til framkvæmdar
Nemendur, foreldrar, skólanefnd og starfsfólk kallað til samráðs um framtíðarsýn skólans.		Ársbyrjun 2017	2019	0,5	Fellur undir kostnað við starfsmenn	Komið til framkvæmdar
Skipulag skólaársins og uppbygging námsins endurskoðað		Haust 2016	2018	1,5 mio	Komið til framkvæmdar	Komið til framkvæmdar

Markmið 3			Tengist markmiði málaflokks			
Að byggja upp sveigjanlegt námsframboð fyrir nemendur sem ekki stefna til stúdentsprófs			Fleiri nemendur ljúki námi í framhaldsskóla á tilskildum tíma			
Mælikvarðar	Gögn lögð til grundvallar	Staða 2016	Staða 2017	Viðmið 2018	Viðmið 2019	Viðmið 2020
Brotthvarf nemenda	Nemendatölur; fjöldi nemenda, fjöldi nýnema, val á brautir, val í áfanga o.s.frv.	40% hætta án námsloka	35% hætta án námsloka	30% hætta án námsloka	75% ljúka námi	80% ljúka námi
Meðaltal svara um líðan nemenda í skólanum	Skólapúls Skimun fyrir brotthvarfi Önnur gögn nemendajónustu, sbr skýrslur Könnun á nýtingu og viðhorfi nemenda til nemendajónustu skólans	Brotthvarf rúm 40%. Nemendajónusta auk sálfræðings í hálfu starfi, samtals 3 stöðugildi	Niðurst. kannanna sýna skólastarf á styrkleikabili (4,20-5,00)	Niðurstöður kannanna sýna skólastarf á styrkleikabili (4,20-5,00)	Niðurstöður kannanna sýna skólastarf á styrkleikabili (4,20-5,00)	Niðurstöður kannanna sýna skólastarf á styrkleikabili (4,20-5,00)
Námsárangur	Nemendatölur; fjöldi nemenda, mæting, námsárangur	Meðaleinkunn 6,59  Skólasókn 70% nemenda viðunandi	Meðaleinkunn 6,80 Skólasókn upp um 2%	Meðaleinkunn 6,90 Skólasókn upp um 3%	Meðaleinkunn 6,90 Skólasókn batnar um 3%	Meðaleinkunn yfir 6,90. Skólasókn batnar
Hlutfall grunnskólanemenda í Hafnarfirði sem velur Flensborg sem framhaldsskóla	Viðhorfskönnun meðal 10. bekkinga Nemendatölur; fjöldi nýnema, fjöldi umsókna í skólann	Flensborg fær um 42% nemenda úr 10. bekk.	Flensborg fær um 45% nemenda úr 10. bekk	Flensborg fær um 50% nemenda úr 10. bekk	Flensborg fær um 55% nemenda úr 10. bekk	Komið til framkvæmdar
Aðgerðir		Upphaf	Lok	Kostnaður 2018	Kostnaður 2019	Kostnaður 2020
Skilgreining námsframboðs og úrræða fyrir nýnema		2017	2019	Fellur undir kostnað við starfsmenn	Fellur undir kostnað við starfsmenn	Komið til framkvæmdar
Hlutverk umsjónarkennara eftt		2016	2019	1,5 mio	1,5 mio	Komið til framkvæmdar
Hlaðborð menntunar og starfa		2017	2019	0,5 mio	0,5 mio	Komið til framkvæmdar

3	Rekstrarþættir
	<p>Við skólann starfa að öllu jöfnu (á launaskrá) 90-100 starfsmenn. Þar af eru bókavörður (50%), umsjónarmaður fasteigna, stuðningsfulltrúar (4), starfsmenn í mötuneyti (3), námsráðgjafar (2), kennslu- og nemendaráðgjafi (50%), sálfræðingur(50%); starfsmenn á skrifstofu (2 auk fjármálastjóra), kennarar (67), langflestir með kennsluréttindi á framhaldsskólastigi (96%). 14 starfsmenn eru stundakennarar eða verktakar. Til yfirstjórnar teljast fjármálastjóri, mannauðsstjóri, áfangastjóri, aðstoðarskólameistari og skólameistari. Á haustönn 2017 eru 97 starfsmenn á launaskrá, 66 konur og 31 karl. 16 karlar eru í KÍ/FF en 51 konur. Í KÍ / FS eru ein kona og einn karl. Frá SFR eru 8 konur og 3 karlar. Þá eru 12 stundakennarar, þar af 2 konur og tveir verktakar. Þá eru þrír á samningum BHM, allt konur. Starfsmannavelta er ekki mikil og er meðalaldur starfsmanna 46,3 ára.</p> <p>Á hverju ári er unnið sjálfsmat og eru það annars vegar fastir þættir (áfangamat, Hlýtt á nemendur; o.fl.) og hins vegar tilfallandi þættir sem mikilvægt er að skoða vegna tiltekinna aðstæðna. Skólinn stendur fyrir árlegu innra mati og hefur gert frá 1998, gefur út ársskýrslur og greinargerðir um HEF verkefnið. Hann var tekinn í ytra mat árið 2014 en þá skýrslu er að finna á vef ráðuneytisins. Við hana voru gerðar formlegar og efnislegar athugasemdir, en jafnframt úrbótalisti sem unnið hefur verið eftir skipulega á síðan.</p> <p>Eins og hér hefur komið fram byggir skólinn starf sitt á hugmyndafræði jákvæðrar menntunar og hafa yfirmenn og margir starfsmenn sótt sér fræðslu um þessi mál. Hann er leiðandi skóli og í nánú samstarfi við Embætti landlæknis um verkefnið Heilsueflandi framhaldsskóli. Fyrir utan allar þær stefnur sem honum er ætlað að eiga skráðar og eru birtar á heimasíðu skólans (áætlun um einelti, jafnréttismál, áætlun um viðbrögð vegna áfalla/slysa, öryggismál) eru verkefni sem tengjast HEF um núvitund, gróskuhugarfar, skapandi hugsun, samstarf við Nemendafélagið o.fl..</p> <p>Stjórnendur skólans hafa undanfarin ár lagt mikið kapp á að skapa starfsmönnum og nemendum góðar aðstæður til starfa og munu halda því áfram með markvissum umbótum á húsnaði sem og anda skólastarfsins.</p> <p><i>Stutt umfjöllun sem m.a. tekur til þjónustu, fjármálastjórnunar, mannauðsmála, gæðastjórnunar og árangursmælinga, starfshátta og stöðugra umbóta.</i></p>

<b>Markmið 1</b>	Að ná jafnvægi í rekstri skólans						
<b>Mælikvarðar</b>	<b>Gögn lögð til grundvallar</b>	<b>Staða 2016</b>	<b>Staða 2017</b>	<b>Viðmið 2018</b>	<b>Viðmið 2019</b>	<b>Viðmið 2020</b>	
Ársreikningur skólans	Gögn úr Orra, frá MRN; FJS og Ríkisendurskoðun	Skuldahali +/-30 mio en jöfnuður -5%	Jöfnuður næst +/-3%	Jöfnuður næst +/-3%	Jöfnuður næst +/-3%, skuldhali horfinn	Komið til framkvæmdar – áframhaldandi markmið um að vera innan áætlunar	
<b>Aðgerðir</b>		<b>Upphaf</b>	<b>Lok</b>	<b>Kostnaður 2018</b>	<b>Kostnaður 2019</b>	<b>Kostnaður 2020</b>	
Dregið úr námsframboði		2017	2019	0	0	Komið til framkvæmdar	
Draga úr þáttum sem auka rekstrarbyrði skólans, s.s. yfirvinnu og verkefnum		2014	2019	0	0	Komið til framkvæmdar	
Þjónustuúrræði skoðuð og hagkvæmni þeirra metin.		2016	2019	0	0	Komið til framkvæmdar	

<b>Markmið 2</b>		Að efla mannauð skólans					
<b>Mælikvarðar</b>		<b>Gögn lögð til grundvallar</b>	<b>Staða 2016</b>	<b>Staða 2017</b>	<b>Viðmið 2018</b>	<b>Viðmið 2019</b>	<b>Viðmið 2020</b>
Hlutfall af kynbundnum launamun	Úttekt á kjörum kynjanna unnin af fjármálastjóra. Gögn úr Orra		Munur 8%	Munur 8%	Munur innan við við 6%	Munur ca. 4%	Komið til framkvæmda
Meðaltal svara um ánægju starfsfólks í starfi	Starfsmannasamtöl Skólapúlsinn / Kennslumat <i>Stofnun ársins</i>	Flensborgar-skólinn á aðgerðarbili (3,7-4,19)	Flensborgar-skólinn á aðgerðarbili (3,7-4,19)	Flensborgar-skólinn á aðgerðarbili (3,9-4,25)	Flensborgar-skólinn á styrkleikabili (4,0-4,5)	Flensborgar-skólinn á styrkleikabili (x>4,5)	
<b>Aðgerðir</b>			<b>Upphaf</b>	<b>Lok</b>	<b>Kostnaður 2018</b>	<b>Kostnaður 2019</b>	<b>Kostnaður 2020</b>
Jöfnun kjara karla og kvenna við skólann			H2016	2017	4 mio vegna leiðréttinga	4 mio vegna leiðréttinga	4 mio
Endurnýja stofnanasamninga í samstarfi við samstarfsnefndir skólans			2017	2018	1 mio	Komið til framkvæmda	Komið til framkvæmda
Heilsueflandi námskeið fyrir starfsmenn			H2010	2020	0,7 mio	1 mio	1 mio

<b>Markmið 3</b>	Endurskipulagning tölvumála						
<b>Mælikvarðar</b>	<b>Gögn lögð til grundvallar</b>	<b>Staða 2016</b>	<b>Staða 2017</b>	<b>Viðmið 2018</b>	<b>Viðmið 2019</b>	<b>Viðmið 2020</b>	
Hlutfall starfsmanna sem hefur aðgang að góðum borð- eða fartölvum eftir því sem við á.	Eignaskrá	Vantar um 30 fartölvur	Vantar um 20 fartölvur	Allir komnir með viðunandi búnað, tölvur og aðstöðu.	Komið til framkvæmda		
Tekið upp skýjakerfi sem hýsing, Office 365 samstarfskerfi og skjölunarkerfi (sbr. Sharepoint)	Teikningar af kerfum, tölur um notkun.	Úrelt innra kerfi	Onedrive tekið í notkun, starfsfólk þjálfað, Office 365 deilikerfi (sharing)	Skjölunarkerfi komið sem og nýtt skipulag tölvuumsjónar mála	Komið til framkvæmda		
Upp verður komið ásættanlegt kerfi tölvuumsjónar og hýsingar gagna.	Teikningar af kerfum, tölur um notkun.	Úrelt kerfi tölvuumsjónar	Unnið að útboðslýsingum og verkferlum	Byrjað að vinna eftir verkferlum	Komið til framkvæmda		
<b>Aðgerðir</b>		<b>Upphaf</b>	<b>Lok</b>	<b>Kostnaður 2018</b>	<b>Kostnaður 2019</b>	<b>Kostnaður 2020</b>	
Endurskipuleggja hýsingar, vefgeymslur og verklag		Janúar 2017	Sumar 2019	Tilheyrir tilfallandi rekstrar-kostnaði	Tilheyrir tilfallandi rekstrar-kostnaði		
Ný heimasíða og eftirfylgni/ritstjórn		Mars 2017	Haustið 2018	3 mio	Komið til framkvæmda		
Þjálfa starfsfólk í notkun Office 365		Ágúst 2017	Haustið 2018	0,5 mio	Komið til framkvæmda		



## Umbótaáætlun Flensborgarskólans 2017-2018

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma-áætlun	Ábyrgðar-aðilar	Endurmat, hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Efla skuldbindingu nemenda í námi	Minna brotthvarf  Bæta mætingu nemenda	Áframhald með þjónustu skólasálfræðings  Framhald á samstarfi umsjónarkennara og mætingarteymis  Auka gæði náms enn frekar	Skólaárin 2017-2019	Skóla-stjórnendur  Hámarks-kennarar	Í sjálfsmats-skýrslu 2017-2018	Mæting batni um 3% á milli ára  Færri nemendur hverfi frá námi
Nýta tækni í skólastarfi	Auka virkni nemenda í tímum  Efla fjölbreytta kennsluhætti	Umsjónarmaður tölvu á staðnum 3 svar í viku  Taka upp og kynna Office 365 kerfið  Örnámskeið fyrir starfsmenn  Fræðsla fyrir kennara	Skólaárið 2017-2018	Skóla-stjórnendur  Tölvustofa - Örn  Kennarar	Í sjálfsmats-skýrslu 2017-2018	Að kennsluhættir verði enn fjölbreyttari  Að nemendur verði virkari í kennslustundum  Að fleiri starfsmenn tileinki sér One Drive (Office 365)

## 12.4 UMBÓTAÁÆTLUN

Umbótaáætlun 2017-2018

Minnka kynbundinn mun í námsárangri	Að fylgst verði betur með námsárangri beggja kynja  Að námsárangur beggja kynja batni	Safna gögnum  Leita ráðgjafar  Setja upp námskeið fyrir kennara	Skólaárið 2017-2019	Skóla-stjórnendur  Nemenda-þjónusta  Kennarar	Í sjálfsmats-skýrslu 2018-2019	Að jafna stöðu kynjanna í námi
Efla félagslíf nemenda	Að félagslíf nemenda mælist á styrkleikabili í innra mati  Að félagslífið sé hluti af náminu  Að sporna gegn klíkumyndun  Að gera lýðræði öflugt í skólanum	Gefa nemendum aukinn sveigjanleika til að sinna félagslífinu  Hvetja til breytinga á föstum viðburðum skólaársins, sbr Vakningardagar  Efla nemendalýðræðið og þátttöku nemenda í ákvarðanatöku s.s. í Skólaráði	Skólaárið 2017-2018	Skóla-stjórnendur  Kennari leiðtoga-þjálfunar  NFF og nemendur	Í sjálfsmats-skýrslu 2017-2018	Að nemendum líði betur í skólanum og um leið auka skuldbindinu  Að vinna gegn því að nemendur einangrist.  Að nemendur verði virkari þátttakendur í ákvarðanatöku  Að það sé gaman í Flensburg

Bæta upplýsinga-streymi til starfsfólks	Að allir starfsmenn séu vel upplýstir í fjölbreyttu og síbreytilegu skólasamfélagi	<p>Skrifa regluleg vikubríf</p> <p>Fara vel yfir dagskrá og skóladagatal á skólafundum</p> <p>Nýta t.d. betur Facebook-síðu starfsmanna. Einnig skoða vel hvernig Office 365 nýtist í þessu samhengi</p>	Skólaárið 2017-2018	<p>Skóla-stjórnendur</p> <p>,</p> <p>Skrifstofa</p>	Í sjálfsmats-skýrslu 2017-2018	<p>Að starfsfólk sé meðvitað um hvernig upplýsingar berast og hvaðan</p> <p>Að starfsfólk sé ávallt meðvitað um helstu þætti skólastarfsins</p>
---	--	--	---------------------	---	--------------------------------	---